

sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss minnst 2 ár, getur næstu 5 árin eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—3. tölul. 4. gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlazzt nægilega þekkingu á gistihúsastarfsemi.

26. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúsa-hald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Raforkumálastjóra er heimilt fyrir hönd raforkusjóðs að taka lán til raforkuframkvæmda allt að kr. 150 000 000 — eitt hundrað og fimmtíu milljónir króna — eða tilsvareandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin fyrir hönd ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.